

lítið yfir öðru að segja en deild lærða skólans (College). Forseta var og einnig falið á hendur, að segja fyrir um alla tilhögun kennslurnar. Hann átti að hafa eftirlit með þöllu, en sjálfur hafði hann enga kennslu á hendi.

Skjótt, eftir að Eliot tók við stjórninni, voru ýmiskonar gömul ákvæði afnumin, er skólanum stóðu bæði fyrir áliti og þrifum. Það hafði verið mikið stríð með að skylda alla nemendur að ganga til bæna á hverjum morgni, og kyrkjuganga var heimtuð, en hann smá rýmkaði um það, unz hann afnam það algjörlega, að piltar væri skyldaðir til þess, fram yfir það, sem þeim bezt líkaði sjálfum. Hann tók og upp, að leyfa nemendum að velja um svo og svo margar greinar, án þess að vera skuldbundnir til að taka þær fram yfir það sem þeim sýndist. Og er nú komið svo, að hver einasta grein, sem kennd er, er kjörgrein í stað þess, að áður var allt skyldunám, og piltar höfðu um ekkert að velja. Ef inntökuskilyrðunum er fullnægt nú, þá má nemandinn velja sér sinn eigin veg gegnum skólann.

Þetta voru nýmæli mikil fyrst, er hann innleiddi þetta nýja fyrirkomulag. Og til þessa hefir það verið mikið deiluefni meðal fræðimanna, en þó hafa flestir orðið á eitt mál sáttir um ágæti þess.

Dr. Eliot hefir ekki skrifað margar bækur, en þrátt fyrir það er hann álitinn fremstur allra menntamálafræðimanna þessarar álfu. Hann hefir flutt fjölda fyrirlestra, og svo að segja hamrað skoðanir sínar inn í amerísku þjóðina.

Í öllum sínum opinberu ræðum segir hann mönnum hikaust, að hann byggi allar sínar skoðanir í kennslumálum á trúarbrögðum sínum. Fyrirkomulag og kennsluaðferð er sú, að lofa þeim, er komnir eru til vits og ára, að velja fyrir sig sjálfa. Og hann segir það bregðist sjaldan, að maðurinn velji það, sem bezt eigi við og honum sé fyrir beztu; og gjöri hann það ekki, þá muni að minnsta kosti ekki aðrir gjöra það.

Þetta segir hann að veki hjá nemanda meðvitund fyrir ábyrgð, er hann verði sjálfur að bera, og um leið dragi fram það bezta, sem hjá honum býr. Ábyrgðarlausum og siðferðislausum skólakálfum hefir engin þjóð gagn eða gæfu af.

Hann segist þess vegna vilja lofa því góða í manninum að